

TKÍ BIKARMÓTARÖÐ BARNNA – MÓT I SELFOSS 25. OG 26. OKTÓBER 2014

Skipulagning

Mótshaldari:	Taekwondosamband Íslands	tki@tki.is
Formaður:	Kolbrún Guðjónsdóttir	tki@tki.is
Mótsstjórn:	Haukur Skúlason	taekwondo@afturelding.is

Staðsetning og tímasetning

Dagsetning:	25. og 26. október 2014
Staðsetning:	Selfoss
Íþróttahús:	<i>Iða íþróttahús, Tryggvagötu 25, 800 Selfoss sjá: http://ja.is/ithrottavollurinn-ithrottahus-arborg/?nameid=941723</i>

Tímaáætlun

Þriðjudagur 21. október 2014	Lokafrestur skráningar keppenda. Senda þarf fullgildar skráningar á netfangið tki@tki.is fyrir kl. 23:59 21. október 2014. Birting flokka á vef TKÍ þann 22. október 2014
Laugardagur 25. október 2014	Keppnisdagur 1, form og bardagi. <u>Keppni hefst 13:30</u>
Sunnudagur 26. október 2014	Keppnisdagur 2, form og bardagi. <u>Keppni hefst 09:00</u>

Keppendur

Gjaldgengi:	Keppendur verða að vera með gula rönd (10. kup) eða hærra. Keppendur skulu hafa greitt keppnisgjöld fyrir mót (félag viðkomandi keppanda ber ábyrgð á greiðslu keppnisgjalda) Félag keppanda skal vera skuldlaust við TKÍ
Ábyrgð:	Allir keppendur á mótinu eru þar á eigin ábyrgð. Hvorki TKÍ, mótsstjórn né umsjónaraðili móts bera ábyrgð á mögulegum meiðslum eða tjóni sem keppendur kunna að verða fyrir.
Höfuðspörk:	Höfuðspörk eru með öllu óheimil . Í tilfellum höfuðsparka skal farið eftir reglugerð TKÍ um höfuðspörk á mótum.

TKÍ BIKARMÓTARÖÐ BARNNA – MÓT I SELFOSS 25. OG 26. OKTÓBER 2014

Keppnisfyrirkomulag

Skráning:	Senda skal skráningu keppenda á þar til gerðu eyðublaði á tki@tki.is fyrir lok dags þann 21. október 2014. Skráningareyðublað þarf að vera rétt út fyllt af viðkomandi félagi. Berist skráningarblað of seint, eða það reynist rangt út fyllt við lok skráningarfrests verða viðkomandi keppendur ekki skráðir til leiks.
Skráningarfrestur:	23:59 þann 21. október 2014.
	Upplýsingar um skiptingu í flokka verður birt á http://www.tki.is kl. 20 þann 22. október.
	Hægt verður að gera athugasemdir við flokkaskiptingu til kl. 20 þann 23. október.
	Bardagtré og keppnisdagskrá verða birt kl. 20 þann 24. október
Takmarkanir á skráningu:	Engar takmarkanir eru á fjölda þátttakanda. Mótið er eingöngu ætlað keppendum í minior flokki (keppendur til og með 11 ára aldri, þ.e.a.s. keppendum fæddum 2003 og yngri. Mótið er eingöngu ætlað keppendum sem eru með að lágmarki gula rönd (10. geup). Keppendur geta eingöngu keppt í einum þyngdarflokki.
Þátttökugjald:	3.000,- krónur, óháð fjölda keppnisgreina
Áhorfendur	Áhorfendur skulu vera á sérstöku áhorfendasvæði. Áhorfendum er óheimill aðgangur að keppnissvæði. Enginn aðgangseyrir er innheimtur af áhorfendum.
Greiðsla keppnisgjalda:	Greiðsa skal keppnisgjöld inn á eftirfarandi reikning fyrir lok 24. október 2014, og senda staðfestingu á netfangið tki@tki.is

Keppnisreglur - kyorugi

Reglur:	WTF reglur, aðlagðar að ungum keppendum.
Vigtun:	Ekki er vigtað sérstaklega fyrir mótið. Mótsstjórn áskilur sér rétt til að vigta keppendur til að sannreyna uppgefna vigt á skráningarblaði. Keppendur sem eru yfir hámarksþyngd þess flokks sem þeir eru skráði í (0,5kg hjá báðum kynjum) missa keppnisrétt á mótinu og,

TKÍ BIKARMÓTARÖÐ BARNNA – MÓT I

SELFOSS 25. OG 26. OKTÓBER 2014

eftir atvikum, tapa þeim bardögum sem þeir hafa keppt á því.

Stigagjöf: 1 stig fyrir spark í brynju
2 stig fyrir hringspark í brynju

Dómgæsla: **Aldursflokkurinn 5-7 ára**
Engir hornadómarar
Bardagastjóri gefur eftirlitsaðila bardaga merki um stig skoruð auk villugjafar.
Ekki verður notast við rafbrynjur

Aldursflokkurinn 8-11 ára
3 hornadómarar
Notast verður við rafbrynjur

Mótsstjórn áskilur sér rétt til að breyta þessu þegar endanleg skráning keppenda liggur fyrir.

Hlífðarbúnaður: Allir keppendur skulu koma með sinn eigin hlífðarbúnað:

- Hjálm
- Brynju í réttri stærð
- Legghlífar
- Framhandleggshlífar
- Ristarhlífar
- Hanskar
- Klofhlífar
- Gómur (valkvætt en sterklega mælt með að keppendur séu með slíkan í keppni)

Höfuðspörk: Höfuðspörk eru ekki leyfileg í minior flokki. Höfuðspark, eru dæmd í samræmi við reglur TKÍ um höfuðspörk.

Verðlaun: 1 gullverðlaun fyrir fyrsta sæti í flokki
1 silfurverðlaun fyrir annað sæti í flokki
2 bronsverðlaun fyrir þriðja sætið (ekki er keppt um þriðja sætið sérstaklega).
Þeir iðkendur sem ekki komast á pall fá einnig þátttökupening.

Liðakeppni: Barnamótaröðin telur ekki til stigakeppni félaga

Lengd bardaga: 2 x 1,5 mínútur, með 20 sekúndna hvíld á milli

Endursýningar (video replay): **Aldursflokkurinn 5-7 ára**
Ekki verður hægt að fá endursýningu á vafatriðum, úrskurður bardagastjóra er endanlegur.

Aldursflokkurinn 8-11 ára
Hefðbundnar reglur um endursýningu á vafatriðum gilda.

Mótmæli: Úrskurður bardagastjóra er endanlegur og honum er ekki hægt að áfrýja.

TKÍ BIKARMÓTARÖÐ BARNNA – MÓT I SELFOSS 25. OG 26. OKTÓBER 2014

Flokkaskipting í kyrorugi

Keppt er í karlaflokkum og kvennaflokkum

Þyngdarflokkar eru sem hér segir:

<i>Karlaflokkur minior (undir 11 ára)</i>	<i>Kvennaflokkur minior (undir 11 ára)</i>
Að 26 kg	Að 26 kg
26-29 kg	26-29 kg
29-33 kg	29-33 kg
33-37 kg	33-37 kg
37-41 kg	37-41 kg
41-44 kg	41-44 kg
44-47 kg	44-47 kg
Yfir 47 kg	Yfir 47 kg

Aldurflokkar 5 – 7 ára öll belti saman í flokk í bardaga

Aldursflokkur 8-11 ára er skipt upp eftir beltagráðu.

D flokkur – keppendur með gula rönd (10. kup)

C flokkur – keppendur með gult belti (9. kup) til og með blás beltis með rauðri rönd (5. kup)

B flokkur – keppendur með rautt belti (4. kup) til og með rauðs beltis með þremur svörtum röndum (1. kup)

A flokkur – keppendur með svart belti (1. dan/poom) og upp

Reynt verður að raða saman sambærilegum keppendum með tilliti til þyngdar, aldurs, beltagráðu, kyns og hæðar.

Mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina flokka þar sem færri en þrjú keppendur eru í sama flokki sbr. að ofan. Ef ekki reynist unnt að sameina samliggjandi flokka (þyngd eða beltaflokkur) þarf samþykki allra keppenda í viðkomandi flokki til að af sameiningu verði. Keppendur sem ná ekki sameiningu geta ekki keppt á mótinu

TKÍ BIKARMÓTARÖÐ BARNNA – MÓT I SELFOSS 25. OG 26. OKTÓBER 2014

Keppnisreglur og flokkaskipting - poomsae

Verðlaun: 1 gullverðlaun fyrir fyrsta sæti í flokki
1 silfurverðlaun fyrir annað sæti í flokki
1 bronsverðlaun fyrir þriðja sætið

Liðakeppni: Barnamótaröðin telur ekki til stigakeppni félaga

Karlar og konur keppa í blönduðum flokkum

Tveir aldurshópar 5-7 ára og 8-11 ára

Taflan að neðan sýnir hvaða form keppendur gera:

Beltagráða	Form
10. kup	Gul rönd
9. kup	Gult
8. kup	Appelsínugult
7. kup	Grænt
6. kup	Blátt
5. kup	Rauð rönd
4. kup	Rautt
3. kup	Svört rönd
2. kup	Tvær svartar rendur
1. kup	Þrjár svartar rendur

Allir keppendur með 4 kup og hærra gera sama poomsae á mótinu, og verður dregið um formin og þau birt á <http://www.tki.is> kl. 20 þann 22. október 2014.

10. – 5. kup gera 1 poomsae og 4. kup og hærra gera 2 poomsae

Verði fleiri en 8 keppendur í hverjum beltaflokki verður flokkum fjölgað og verðlaun veitt fyrir efstu 3 sætin í hverjum flokki innan beltagráðunnar. Eigi þetta við verður skipt í flokka eftir aldri þannig að flokkarnir séu eins líkir innbyrðist og við verður komið. **Ekki verður hægt að óska eftir flutningi keppenda á milli flokka.**

Mótsstjórn áskilur sér rétt til að sameina flokka þar sem færri en þrjú keppendur eru í sama flokki sbr. að ofan.